



REYKJANESHÖFN

## Reykjaneshöfn – Ársuppgjör 2008

Meðfylgjandi er ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2008 og fréttatilkynning vegna hans, en ársreikningurinn var samþykktur af hafnarstjórn 29. apríl 2009 og var samþykktur af bæjarstjórn 19. maí 2009.

	2008	2007	Fjárhags- áætlun 2008
<b>Rekstrartekjur</b>	686.238.021	185.342.724	180.480.000
<b>Rekstrargjöld</b>	517.029.692	127.130.290	126.280.000
<b>Hagnaður fyrir afskriftir</b>	169.208.329	58.212.434	54.200.000
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	137.030.141	23.630.960	10.900.000
<b>Tap ársins</b>	( 494.185.185)	( 237.956.156)	( 218.650.000)
<b>Eignir</b>	<b>31.12. 2008</b>	<b>31.12. 2007</b>	<b>áætlun 2008</b>
<b>Fastafjármunir</b>	1.220.945.882	722.289.103	739.100.000
<b>Veltufjármunir</b>	472.629.505	319.736.338	191.700.000
<b>Eignir</b>	1.693.575.387	1.042.025.441	930.800.000
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>31.12. 2008</b>	<b>31.12. 2007</b>	<b>áætlun 2008</b>
<b>Eigið fé</b>	( 2.165.980.258)	( 1.671.795.073)	( 1.860.350.000)
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	3.020.762.632	1.574.735.246	2.221.500.000
<b>Skammtímaskuldir</b>	838.793.013	1.139.085.268	529.950.000
<b>Skuldir</b>	3.859.555.645	2.713.820.514	2.791.150.000
<b>Eigið fé og skuldir</b>	1.693.575.387	1.042.025.441	930.800.000
	<b>2008</b>	<b>2007</b>	<b>áætlun 2008</b>
<b>Handbært fé til rekstrar</b>	165.347.690	(243.652.064)	0
<b>Veltufé til rekstrar</b>	12.690.609	( 60.737.474)	0

Ársreikningur Reykjaneshafnar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar fjármálaráðuneytisins um reikingskil sveitarfélaga.

Starfsemi Reykjaneshafnar er fjármögnuð með rekstratekjum frá hafnarrekstri og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki í 100% eigu Reykjaneshafnar.

Rekstrartekjur hafnarinnar á árinu 2008 námu 686,2 millj. kr. og rekstrargjöld kr. 517,0 m.kr. og þar af laun 42,4 m.kr. samkvæmt ársreikningi. Hagnaður fyrir afskriftir 169,2 m.kr. Afskriftir 32,2 m.kr. fjármunatekjur og -gjöld 631,2 mkr. en tap ársins 494,2 mkr.

Framkvæmdir voru töluverðar á árinu 2008, unnið við gatnagerð, lóðir og dýpkun og endurbætur á grjótvarnargarðinum í Helguvík og fjárfest fyrir 534,6 m.kr.

### **Framtíðarsýn:**

Lóðaúthlutun í Helguvík fór minnkandi á árinu 2008 og er ekki reiknað með úthlutun lóða á árinu 2009. Mikil uppbygging á atvinnusvæðinu í Helguvík fór af stað á árinu 2006, og voru reistar fjöldi bygginga fyrir iðnaðar- og þjónustufyrirtæki á árinu 2008.

Rekstrarumhverfi Reykjaneshafnar hefur batnað, tekjur aukast í tengslum við uppbygginguna í Helguvík í formi lóðarleigutekna. Reykjanesbær samþykkti að allar gatnagerðar- og fasteignagjaldatekjur á hafnarsvæðunum í Keflavík, Njarðvík og Helguvík renni til Reykjaneshafnar frá og með 1. janúar 2006. Fasteignargjöld í Helguvík hafa aukist á árinu 2008 og munu hækka á árinu 2009 með nýju iðnaðarhúsnæði.

Tekjur af olúbryggjunni í Helguvík hófust að nýju í janúar 2007, og er reiknað með að þær aukist á árinu 2009 eftir að Olíudreifing ehf. tók við rekstri á eldsneytisbirgðastöðinni í janúar 2009 sem alhliða tankabúi, auk þess að sinna þotueldsneyti á Keflavíkurflugvelli fer nú um Helguvíkurhöfn.

Reykjaneshöfn undirritaði 27.4. 2006 hafnarsamning og lóðarsamning í Helguvík við Norðurál. Fyrirhugað er að reisa allt að 360 þúsund tonna álver í áföngum. Fyrsti áfangi yrði 90 þúsund tonna álver og hófust byggingarframkvæmdir við hann í maí 2008. Reiknað er með að framleiðsla hefist á árinu 2011.

Icelandic Silicon Corporation hefur fengið samþykkt umhverfismat fyrir kísilverksmiðju í Helguvík, og eru væntingar um að framkvæmdir við hana geti hafist á árinu 2010, og framleiðsla hafist á árinu 2011.

Í framhaldi af því muni rekstur hafnarinnar komast í jafnvægi og tekjurnar verða hærri en fjármagnskostnaðurinn, og höfnin nái að greiða niður skuldir sínar.